

## Fundargerð

Fimmtudagurinn 30. september 2021 kl. 10:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð funda nr. 380 og 381 frestað til næsta fundar.

### 2. Reykjavíkurborg

Umræða og yfirferð um ársreikning 2020 hjá Reykjavíkurborg. Gerðir voru þrjár fyrirvarar við áritun borgarstjórnar sem EFS fór efnislega yfir. Einn fyrirvari er um að engar skekkjur séu vegna mistaka eða sviksemi. Fyrirvarinn er þess eðlis að ekki er hægt að taka hann fyrir málefniliga.

Hinar tveir fyrirvarar snúa að því með hvaða aðferð reikningsskilum Félagsbústaða er háttáð í samstæðureikningi en annar þeirra setur fram efnisatriði með fjárhæð. Í ársreikningi Félagsbústaða er þeirri matsaðferð beitt að meta fasteignir félagsins á gangvirði í gegn um rekstur. Reykjavíkurborg tekur síðan reikningsskil Félagsbústaða óbreytt inn í samstæðureikning sinn. Því er haldið fram í fyrirvara við ársreikning að Reykjavíkurborg sé óheimilt að flokka eignir Félagsbústaða sem fjárfestingareignir í samstæðu borgarinnar.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að rita Reykjavíkurborg bréf og óska eftir frekari skýringum og rökstuðningi varðandi með hvað hætti reikningsskil Félagsbústaða er fært inn í samstæðureikning Reykjavíkurborgar.

### 3. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 21. október nk.